

Vorþing kvennalistans
Skálholti 25/5 1991

Guðný Guðbjörnsdóttir

Hvar stöndum við?

Svona í anda nýjustu strauma í kvennafræðum, – postmodernismáns- geri ég ráð fyrir að hver og ein okkar hér kæmi með breytilegt svar við þessarri spurningu- Hvar stöndum við- hvar stendur kvennalistinn í dag. Þess vegna lagði ég áherslu á það við dagsskrárstjóra vorþingsins að þessum lið- yrði svareð af mörgum konum. Þrátt fyrir sameiginlegan reynsluheim okkar sem konur þá erum við mismunandi einstaklingar og búum við mismunandi aðstæður, eins og ítrekað er í okkar ágæta grundvelli fremst í stefnuskránni og því metum við stöðuna á mismunandi hátt. Við verðum ávallt að hlusta eftir hinum breytilegu röddum kvenna, ef við viljum auka áhuga, fjöldavirkni og nýliðun í samtökunum.

Hvort að ein okkar kemur með raunsannara mat á stöðu kvennalistans nú en önnur verður erfitt að meta nú og kannski mun tíminn einn leiða það í ljós, Verum þó minnugar þess að í heimi postmodernissmans er ekki bara einn sannleikur til. Gaman verður að skoða eftirá hvort að framtíðarþróun Kvennalistans verður í takt við þá ætlan sem vonandi á eftir að mótað á þessu vorþingi- út frá staðreyndum, tilfinningum, rökhyggju eða óskhyggju, eða hvort að ellt önnur öfl en þau sem eru á okkar valdi skipta þar sköpum.

Ósköp væri nú Kvennalistalegt og í raun viðeigandi hér og nú, að segja að við höfum unnið góðan varnarsigur í síðustu kosningum og nú sé bara að halda áfram á sömu braut, bara pínulítið brattari en fyrr. Þetta er sjónarmið sem alveg er verjanlegt og ég tel reyndar alls ekkert ólíklegt að verði niðurstaðan. Í því tilfelli þurfum við ekki að breyta miklu, bara slípa af augljósustu agnúana,

Ég ætla að vera hreinskilin og viðurkenna að ég varð fyrir vonbrigðum með kosningaúrslitin, sérstaklega úti á landi. Kannski voru mestu vonbrigðin þau hve staða okkar var þróng til stjórnarþátttöku. Ég var líka vonsvikin og hissa í gær að fylgi okkar hefur ekki aukist eftir kosningar, þrátt fyrir útspillið góða og málflutninginn eftir kosningar. Ég er í raun ekki ánægð með þá stöðu að Kvennalistinn sé með 5-10% af kjörfylgi, sem auðvitað er umdeilanleg óánægja. Því ætla ég að leyfa mér að vera gagnrýnin og koma með nokkræ punktæ til umhugsunar:

Fyrst vil ég spyrja. Eru komin stöðnunarmerki í starf Kvennalistans? Ég sé ýmis slík merki og möguleg viðbrögð eru þrennskonar:

1. Að breyta okkar starfsháttum og væntanlega áherslum í málflutningi þannig að nýliðun stóreflist-
 - a) þannig að samtökinnái hljómgrunni út um landsbyggðina líka
 - b) þannig að samtökinn verði fyrst og fremst þéttbýlisaf eins og síðustu kosningatölur benda til að við séum að verða.
2. Að kvennalistinn hætti að bjóða fram til Alþingis um tíma og einbeiti sér að grasrótarstarfi.(sbr. 10% markið sem sumar vildu setja nú) og meti síðar hvort og hvernig boðið verður aftur fram.
3. Að taka upp samvinnu við fleiri samtök (gæta verið margvísleg) og bjóða fram kosningabandalag eða eðlisbreyta Kvennalistanum t.d með því að taka inn karlmenn sem virka meðlimi.

Ég tel líklegt að við veljum leið 1 þó að ég sé alls ekki jafn sannfærð um að hún muni skila kvennabaráttunni bestum érangri. Áhættunar við að fara þessa leið eru amk. tvær. Sú fyrri er að hjakka bara áfram í sama farinu og hin síðari að Kvennalistinn detti út af þingi af sjálfu sér við næstu kosningar

Áhætten við hinar leiðirnar eru líka þær að tapa fjöregginu sjálfu, en ávinnningarnir gætu líka verið miklir. Alla vega tel ég æskilegt að hópur verði myndaður til að fara í svona framtíðarpælingar.

Að lokum aðaláhyggjuefni mitt verðandi vinnubrögð;

Út frá rannsóknum mínum og annarra á samskiptum í kvennahópum vs, karlahópum einkum í skólastofum

(Segja bekk skipt drengjamynstur vs. stúlknamynstur)

sé ég bæði jákvæða og neikvæða þætti við vinnubrögð Kvennalistans. Við höfum flatan valdastrúktúr og leggjum áherslu á lýðræði og jafngildi allra sjónarmiða og að ná samstöðu um mál. Um leið tryggjum við að engin verði of leiðandi eða áberandi og ég spyr: göngum við það langt að konur halda aftur af sér eða passa sig að blómstra nú ekki til vera marktækjar innan kvennalistans, innan kvennamenningarinnar? Ef já, þá er kvennalistinn ekki frelsisafl fyrir einstakar konur heldur afturhalds- eða kúgunarafl sem ekki er aðlaðandi starfsvettvangur til lengdar. Göngum við það langt að reynslan flyst ekki á milli kvenna og stöndum við þar af leiðandi of oft í sporum byrjendans ?

Stelpnanormin leyfa ekki að ein og ein brilleri í beknum á meðan strákehópurinn ætlast til þess. Auðvitað viljum við að sem flestar séu virkar og að helst allar séu góðar. En staðreyndin er sú að konur eru misgóðar á þessum vettvangi sem öðrum og minn ótti er að við leyfum þeim góðu ekki að blómstra, til að tryggja jafnréttið innan samtakanna. Þó að kvennamenningin hafi margt jákvætt, eru einnig til neikvæð einkenni sem við verðum að horfest betur í augu við.

Samskipti undirokaðra ganga ekki í samskiptum ráðamanna. Við höfum þverskallast við og vonast til að aðrir taki upp þessi vinnubrögð. Það hefur verið veruleg upplifun fyrir mig eftir að ég fór að sitja reglulega þingflokkfundi að sjá hvernig valdastruktur þingsins og vinnubrögðin þar gera aðrar kröfur um samskipti og vinnubrögð en grásrótarstarf kvennalistans.

*up to
varalaw
as of
process
several
part
regular*

Þar finnst mér tvennt umhugsunarvert:

1. Skyldu þingmenn nenna að mæta til þingfunda ef atkvæði þeirra væri ekki talið? Við teljum jú að hægt sé að tala okkur a niðurstöðu og því ættu þingmenn- og konur ennfrekar að mæta til leiks. En mér virðist að í þinginu sé yfirleitt ekki ætlunin að hlusta á aðra, alla vega ekki stjórnerandstæðing, og innan kvennalistans þá verði oft ékofustu raddirnar ofan á en aðrar, kennski ekki alltaf færri, þær kafna. Þessi aðferð býður þeirri hættu heim að rödd nýliðans kafnar og nokkrar sterkar raddir ráðar of miklu.

even setlar i þær arsveðið

2. Þegar konur fere að bíteat um veld sem virðist óhjákvæmilegt innan þingsins, þá verður allt tel um systra- eða kvennasamstöðu eitthvað falskt og óviðeigandi. Þetta sögðu konur við okkur í USA fyrir ári og þetta hefur Helga Kress sagt við mig oft, og þetta er óleyst vandamál innan Kvennalistans. Getum við samstundis verið bestu vinkonur og mestu keppinautar? Það geta karlar, *þau* karlamenningin þjálfar, *þær* þær vefst fyrir konum, líka okkur í kvennalistanum. Þetta atriði þarf að endurskoða þæði innan þingfloksins og í grásrótarstarfinu að mínu mati. Við verðum að finna leiðir til að sem flestar konur blómstri innan kvennalistans, og koma í veg fyrir hið gagnstæða. Samskipti í fjölskyldum ráða miklu um það hvernig einstaklingar hennar og fjölskyldan sem heild dafnar og það sama á við Kvennalistann. Í þetta þyrfti annan hóp - *annum mati*.

Það væri gaman að lokum að fara í smáatriðum út í kosningabaráttuna, sem auðvitað hefði getað verið betri og kraftmeiri. Vonandi gefst betra tækifæri til þess síðar, ef ekki nú þá alla vega fyrir næstu kosningabaráttu.

Að lokum vil ég benda á tvö áþreifanleg atriði sem verður að bæta:

1. Hvernig við vinnum með og styðjum þær konur sem hækta á þingi fyrir samtökin viljugar eða óviljugar. Þingseta í 4 eða fleiri ár hrærir upp í lífi fólks og það er oft ekki mögulegt eða fýsilegur kostur að fara aftur til fyrra lífs, eins og ekkert hefði breyst.
2. Að samræma þær samþykktir sem fyrir liggja hverju sinni um varapíngmenn og virkni þeirra í reynd. Þarna á ég bæði við það hvenær þingkonur víkja af þingi (bara í neyð eða oftar) og hver kemur inn í staðinn og hver ákveður það (sem fyrst og fremst er vandamál fyrir Reykjavík þar sem virkar varapíngkonur eru margar.) Nú er í gildi landsfundarsamþykkt sem ekki er farið eftir, sem virðist skapa endalausan misskilning og leiðindi sem vel má fyrirbyggja.

Gangi okkur vel við vorverkin en hlustum fyrst á fleiri raddir.